

3. Háskólafundur

haldinn þann 25. mars 2009 í stofu L 203 á Sólborg
Fundartími: 13:00 – 15:40

Dagskrá:

Rektor setur fundinn, fer yfir dagskrá og gerir tillögu að fundarritara.

1. Tillaga að reglum fyrir Háskólann á Akureyri
2. Tillaga að reglum um háskólafund Háskólans á Akureyri
3. Önnur mál

Mættir voru:

Aðalheiður Ámundadóttir (AÁ) - fulltrúi háskólaráðs
Anna Þóra Baldursdóttir (AÞB) – staðgengill deildarforseta hug- og félagsvísindadeildar
Astrid Margrét Magnúsdóttir (AMM) – forstöðumaður upplýsingasviðs
Árún Kristín Sigurðardóttir (ÁKS) – deildarforseti heilbrigðisdeildar
Ása Guðmundardóttir (ÁG) – fulltrúi starfsmanna háskólaskrifstofu
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (GRÞ) – forstöðumaður RHA
Hafðís Skúladóttir (HS) – staðgengill deildarforseta heilbrigðisdeildar
Hjörleifur Einarsson (HE) - staðgengill deildarforseta viðskipta- og raunvísindadeildar
Hrefna Kristmannsdóttir (HK) – fulltrúi prófessora
Ingveldur Tryggvadóttir (IT) - fundarritari
Karl Óðinn Guðmundsson (KÓG) - fulltrúi nemenda
Kjartan Ólafsson (KÓ) – fulltrúi FHA
María Steingrímsdóttir (MS) – fulltrúi kennara í hug- og félagsvísindadeild
Ólafur Halldórsson (ÓH) – framkvæmdastjóri HA
Pétur Dam Leifsson (PDL) – lektor, lögfræðingur
Ragnar Sigurðsson (RS) fulltrúi nemenda
Sigrún Magnúsdóttir (SM) – gæðastjóri HA
Sigurður Kristinsson (SK) – deildarforseti hug- og félagsvísindadeildar
Sindri Kristjánsson (SK) - fulltrúi nemenda
Snæfríður Egilsson (SE) – fulltrúi kennara í heilbrigðisdeild
Steinunn Aðalbjarnardóttir (SA) – forstöðumaður kennslusviðs
Úlfar Hauksson (ÚH) – forstöðumaður fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsviðs
Þorsteinn Gunnarsson (ÞG) – rektor HA
Ögmundur H. Knútsson (ÖHK) – staðgengill deildarforseta viðskipta- og raunv.deildar

Fundarsetning 10:00-10:20.

Rektor fór í upphafi fundar stuttlega yfir tillögur að breyttum reglum fyrir Háskólann á Akureyri en þær eru nú byggðar á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008. Nýjar tillögur að reglum voru fyrst lagðar fyrir háskólaráð 15. desember og voru síðan aftur til umfjöllunar í ráðinu 20. febrúar sl. Þar sem samþykkt var að vísa til háskólafundar að koma á skýrara samræmi í heitum skipulagseininga í reglum fyrir Háskólann á Akureyri annars vegar og heitum skipulagseininga í lögum um opinbera háskóla og Háskóla Íslands hins vegar.

Fram kom í háskólaráði sú skoðun að námsbrautir og skorir væru ekki nægilega sterk orð fyrir þá sérhæfðu kennslu sem fer fram í viðkomandi grein. Námsbrautir væru frekar lýsandi fyrir nám í framhaldsskóla og skor er óþjált og framandi hugtak. Háskólaráð tók þá afstöðu að nota hugtök yfir stjórnunareiningar sem nemendur kannast við. Þannig væri akademísk starfsemi skólans eftirleiðis skipulögð í einingum sem nefnast fræðasvið (fyrrum deildir) og deildir (fyrrum skor). Deildarfundur myndi þá eftirleiðis

nefndast deildafundur fræðasviðs og deildarforseti yrði þá að sama skapi forseti fræðasviðs og skorarformaður yrði deildarformaður.

Rektor fór einnig yfir helstu tillögur að breyttum reglum um háskólafund. Tillögurnar eru aðlagðar því stjórnskipulagi sem lagt er til í reglum fyrir háskólann. Í tillögunum er gert ráð fyrir fleiri fulltrúum kennara, fimm fulltrúum frá hverju fræðasviði í stað eins fulltrúa áður. Sama gildir um nemendur, gert er ráð fyrir sex fulltrúum nemenda í stað tveggja áður.

1. Tillaga að reglum fyrir Háskólann á Akureyri

Pétur Dam Leifsson tók við og byrjaði á að taka fram að gildandi reglur fyrir Háskólann á Akureyri væri tiltölulega nýjar eða frá árinu 2007. Aðalbreytingin sem kemur inn í reglurnar núna kemur úr nýju lögunum um opinbera háskóla nr. 85/2008. Hugmyndin að baki þeim lögum er réttur háskólanna að taka upp skólaskipan, þ.e.a.s. það er unnt að reka háskóla í mismunandi skólum og er það gert í Háskóla Íslands undir heitinu fræðasvið og eru þá mismunandi skipulagseiningar þar undir. Hið nýja háskólaráð HA sýndi fljótt vilja til þess að reka eina rekstrareiningu, einn skóla. Í lögunum er skýrt tilgreint hvað er skóli og hvað er deild en lögin gefa jafnframt svigrúm til þess að kalla hlutina mismunandi heitum. Það er því í valdi háskólanna út frá fagurfræðilegum og málfarslegum skilningi hvað einingarnar kallast.

Upphaflega tillagan hljóðaði þannig að nota deildir og svo skorir undir þeim en fljótlega komu upp efasemdir um fagurfræðilegt gildi þessara heita og varð niðurstaðan sú að nota fræðasvið í stað deilda og deildir í stað skora og fellur það ágætlega að öðru skipulagi háskólans. Mikilvægt er þó að taka fram að deild í HA er þá ekki það sama og deild í HÍ og fræðasvið ekki það sama og fræðasvið í HÍ.

PDL fór svo stuttlega yfir reglurnar með fundarmönnum. Fyrir utan áður nefndar orðalagsbreytingar á skipulagseiningum verður breyting á starfsheitum, forseti háskólaráðs verður formaður háskólaráðs og deildarforseti verður forseti fræðasviðs. Einnig hefur háskólafundur meira vægi í nýju lögunum og er því umsagnaraðili um veigamiklar breytingar. Nefndarmönnum var svo boðið upp á að koma með athugasemdir.

ÁKS sagðist hlynnt því að nota hugtökin fræðasvið og deildir. Hún gerði þó athugasemd varðandi fræðasvið heilbrigðisvísinda, en skv. drögum að nýju skipulagi er bara gert ráð fyrir heilbrigðisdeild og iðjubjálfunardeild en þá er spurning með framhaldsnámið því það tilheyrir hvorugri þessara deilda. PDL svarar því á þann veg að það sé undir hverju fræðasviði komið að skipta því í deildir en það þarf að leggja fyrir háskólaráð til samþykktar. Rektor tók undir að fræðasviðin hafi ráðrúm til að skipuleggja sig innan síns sviðs. Deildir eru ekki tilgreindar í reglunum þannig að þar myndast svigrúm fyrir fræðasviðin.

AþB benti einnig á að það er framhaldsnám í kennaraskor í dag og var henni svarað á sama hátt og ÁKS, að það væri undir hverju fræðasviði komið að skipta í deildir.

SK benti á að skv. 2. mgr. 7. gr. reglnanna segir: „*Skipulag háskólans í skóla, fræðasvið, deildir og mögulega aðrar skipulagseiningar, skal ákvörðuð af háskólaráði eftir umsögn háskólafundar lögum samkvæmt*“. Skv. því gæti fræðasvið ekki skipað í deildir án þess að háskólafundur gæfi umsögn sem væri síðan samþykkt í háskólaráði.

PDL leggur til að taka út orðið „deildir“ í þeirri málsgrein. Samræmist það þá einnig 2.

mgr. 13. gr. reglnanna þar sem segir „*Starfrækja má deildir innan fræðasviða og brautir innan deilda, en forseti fræðasviðs annast um að deildafundur setji fræðasviði reglur um stjórnskipulag er taka gildi við staðfestingu háskólaráðs*“.

HK taldi ekki heppilegt að nota sömu nöfn og í HÍ en með mismunandi merkingu og telur hættu á að slíkt geti valdið misskilningi, einkum þar sem stefnt sé að aukinni samvinnu og samhæfingu milli ríkisháskólanna í nánustu framtíð. Hún leggur til að heitin verði samræmd. PDL segir að mjög miklar umræður hafi farið fram um þessi mál innan háskólaráðs en að lokum fallist á fyrrgreinda tillögu.

HK gerir einnig athugasemd við heitið *viðskipta-* og *raunvísindasvið* og spyr hvers konar fræðasvið það geti talist?

HE gerir einnig athugasemd við heitið *viðskipta-* og *raunvísindasvið* og leggur til að taka upp heitið auðlindasvið að nýju, það væri meira lýsandi fyrir starfseminna innan sviðsins frekar en raunvísindasvið. Hann telur að háskólaráð ætti að taka til skoðunar breytt heiti til að koma auðlindunum að á ný.

ÖHK finnst nafngiftirnar ágætar. Hann gerir þó athugasemd við að í 2 mgr. 27. gr. segir: „*Forsetar skóla eða rektor [...]*“ og bendir á að ekki sé gert ráð fyrir skólum í stjórnunareiningum Háskólans á Akureyri. PDL svarar því á þá leið að þótt forseti skóla sé ekki til í dag þá væri með þessu gert ráð fyrir að geta brugðist við breytingum ef til kæmu skólar í framtíðinni.

SK segist hafa farið í hringi með nýju nafngiftirnar en er á þeirri skoðun að þessi nýju heiti séu til bóta, betur þekkt og skiljanlegri út á við. Honum finnst þó deildafundur fræðasviða ekki gott heiti þar sem ekki er mikill munur á deildarfundum eða deildafundi. Sviðsfundur væri betur lýsandi heiti.

SK spyr út í 2. mgr. 5. gr. þar sem segir: „*Við val á rektor skal háskólaráð tilnefna þrjá menn í valnefnd til að meta hæfni umsækjenda [...]*“ og veltir fyrir sér hvort menntamálaráðuneyti ætti ekki að velja fulltrúa í þessa nefnd. ÞG svarar því þannig að háskólinn hafi fullt frelsi í nýju lögnum til að skipa valnefndir og það hafi verið skoðun háskólaráðs að sjálfstæði háskólans gagnvart ráðuneytinu ætti að vera algert í þessum efnum og með óháða nefnd. PDL bætir því við að lögin skilji eftir gott svigrúm fyrir valdheimildir háskólaráðs.

AþB tekur undir SK um heiti deildafunda fræðasviða vs. deildarfundum í dag. Hún bendir á að þetta séu ólíkar einingar og þyrfti því að kalla öðru nafni. Hún minnst einnig á Skólaþróunarsviðið og spyr hvort það muni breytast í deild og á hvaða stjórnsýsluþrepi það verði. PDL áréttar að deildafundur fræðasviðs sé það sama og deildarfundur í dag.

HK bendir á að það séu líka svið undir háskólaskrifstofu og spyr hvað verði með þau svið, hvort þau heiti munu breytast. ÞG sér ekki að það skapi vandamál eða misskilning þótt einingar í stoðþjónustu kallist svið.

SM veltir fyrir sér hvort gefin verði út ensk heiti fyrir fræðasvið og deildir. Hvort fræðasvið verði *faculty* og deild verði *department*. Einnig hvort deildarforseti fræðasviðs verði *Dean* og deildarformaður verði *Head of Department*.

ÞG svarar því að ekki hafi verið tekin afstaða til enskra heita en tekur undir þessi ensku heiti.

ÖHK veltir fyrir sér orðalaginu í 2. mgr. 7. gr. „[...] mögulega aðrar skipulagseiningar“ og finnst að það þurfi að vera skýrara hvað liggur þar á bak við. Veltir fyrir sér hvort taka mætti það út eða skerpa á orðalagi.

SM bendir á orðalag í 4. mgr. 30. gr. þar sem segir: „[...] staðfesta reglur um skráningu stúdenta [...]“ og leggur til að breyta þar orðalagi og nota *nemenda* í stað *stúdenta*.

HE veltir því fyrir sér hvort þessar breytingar muni hafa kostnaðarauka í för með sér og því er svarað neitandi.

ÁG bendir á að fulltrúar háskólafundar séu skipaðir til 2 ára og spyr hvort hægt væri að stytta þann tíma. ÞG svarar því til að lögin setji því skorður.

ÞG les upp svohljóðandi breytingatillögu frá fulltrúa stúdenta í háskólaráði varðandi 4. mgr. 16. gr. liði c og d sem varða fjölda fulltrúa nemenda og stundakennara á deildafundum fræðasviða:

16. gr. 4. mgr. c) Einn fulltrúi stundakennara úr hverri deild innan fræðasviðs, tilnefndir af stundakennurum viðkomandi deildar til eins árs í senn.

16. gr. 4. mgr. d) Einn fulltrúi nemenda úr hverri deild innan fræðasviðs, tilnefndir af viðkomandi nemendafélagi til eins árs í senn.

Þannig verði tryggt að hver deild hafi sinn fulltrúa á deildafundi fræðasviðs.

HK kemur með tillögu að því að hafa 2 varamenn kennara í háskólaráði. Mikil hreyfing sé á starfsmönnum og því nauðsynlegt að hafa 2 varamenn. PDL bendir á að í lögnum er varamaður tilgreindur í eintölu en alltaf geti fólk forfallast og þá verði gripið til þrautavara.

ÁKS talar um breytingatillöguna varðandi 16. gr. og bendir á að erfitt reynist að manna fundi með stundakennurum og hvort það geri ekki fundi ólöglega ef stundakennarar mæta ekki. PDL bendir á að þessir fulltrúar eigi „rétt til setu“ og þar með séð fyrir því að þeir fulltrúar geti ekki gert fundi ólöglega.

Rektor las upp umsögn frá FSHA dags. 25. mars varðandi setu nemenda í háskólaráði og á háskólafundi til 2 ára í senn og er þess óskað að nemendur séu eingöngu tilnefndir til eins árs í senn. PDL bendir á að lögin séu mjög afgerandi varðandi tímabilið tvö ár en að ekkert kæmi í veg fyrir að hægt væri að tilnefna einn fulltrúa fyrir fyrri hluta setunnar og annan til síðari hluta. Ekki þótti sérstök ástæða til að tilgreina það sérstaklega í reglunum.

Rektor hélt þá áfram og las umsögn frá FSHA um kosningu fulltrúa nemenda á háskólafund þar sem þess er óskað að stjórn FSHA tilnefni sex aðila til setu á háskólafundum án kosninga á vettvangi FSHA. PDL svarar því á þann veg að lögin leyfi ekki breytingu á þessu. RS telur þetta skapa óþægilega stöðu og vill frekar sjá stjórn FSHA í háskólanefnd. FSHA er bent á þá leið að við stjórnarkjör verði fulltrúar í stjórn jafnframt í framboði sem fulltrúar á háskólafund.

Fleiri hafa ekki kveðið sér hljóðs.

Rektor ber undir fundinn að breytingatillögur séu teknar á dagskrá viku fyrir háskólafund og var það samþykkt einróma.

Háskólafundur samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að reglum fyrir Háskólann á Akureyri með eftirfarandi athugasemdum:

Eftirfarandi greinar hljóði svo:

7. gr. 4. mgr. „Skipulag háskólans í skóla, fræðasvið og mögulega aðrar skipulagseiningar, skal ákvörðuð af háskólaráði eftir umsögn háskólafundar lögum samkvæmt.“ Samþykkt einróma.

16. gr. 4. mgr. c) „Einn fulltrúi stundakennara úr hverri deild innan fræðasviðs, tilnefndir af stundakennurum viðkomandi deildar til eins árs í senn.“ Samþykkt með níu atkvæðum gegn fimm.

16. gr. 4. mgr. d) „Einn fulltrúi nemenda úr hverri deild innan fræðasviðs, tilnefndir af viðkomandi nemendafélagi til eins árs í senn.“ Samþykkt einróma.

30. gr. 4. mgr. „Háskólaráð skal að fengnum tillögum fræðasviða staðfesta reglur um skráningu nemenda á einstökum fræðasviðum þar sem kveðið er nánar á um inntökuskilyrði á viðkomandi fræðasviðum.“ Samþykkt einróma.

HE kemur með tillögu um að breyta heiti viðskipta- og raunvísindasviðs í viðskipta- og auðlindasvið eða viðskipta- og náttúruvísindasvið. PDL bendir á að tillagan þyrfti að koma frá fræðasviðinu og til samþykktar hjá háskólaráði. HE og HK lýsa því yfir að það sé vilji deildarinnar að gera breytingu á heiti fræðasviðsins.

Rektor kemur á framfæri eftirfarandi tillögu: „Háskólafundur beinir til viðskipta- og raunvísindadeildar að koma með tillögu að nýju heiti fyrir fræðasviðið.“ PDL bendir á að einstök fræðasvið gætu komið með tillögum að heitum deilda eða sviða. Rektor tekur undir það að fræðasviðum er frjálst að koma með tillögum.

HK benti á að fram hefði komið eindreginn vilji háskólafundar í haust til að fulltrúi háskólasamfélagsins í háskólaráð sé kosinn í almennri kosningu starfsmanna háskólans. Telji hún eðlilegt að brugðist sé við því. PDL bendir á að lög nr. 85/2008 geri ekki ráð fyrir slíku.

KÓ veltir fyrir sér hvort það standi nokkuð í vegi fyrir því að hafa opið forval hjá félögum starfsmanna. PDL segir að það yrði þá að frumkvæði starfsmanna. Rektor telur það rúmast innan reglanna.

Rektor mun bera þessar reglur undir háskólaráð með þeim breytingum sem fram hafa komið. Allir samþykkir.

2. Tillögur að reglum um háskólafund Háskólans á Akureyri

KÓ segir þetta almennt góðar reglur en bendir á að starfsmenn SFR hafi ekki fulltrúa inni á háskólafundum og hvort það teljist eðlilegt. PDL bendir á að þótt ekki séu tilgreind öll félög þá hafa allir starfsmenn sama rétt til kjörgengis á háskólafundum.

SM bendir á að starfsmenn háskólaskrifstofu tilnefni tvo fulltrúa en skrifstofa rektors engan, bendir á að það þyrfti að vera skýrt ef skrifstofa rektors teljist þarna með háskólaskrifstofu.

Engar formlega breytingatillögur voru lagðar fram.

Háskólafundur samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að reglum fyrir háskólafundum.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá og fundi slitið kl. 15:40.